

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 11. tbl. 3. árg. nóvember 2007

Leiðari forstjóra

Ný heimasíða

Föstudaginn 26. október síðastliðinn tók formaður Auðhumlu, Egill Sigurðsson, formlega í notkun nýjan upplýsingavef sem hefur veffangið www.audhumla.is. Þessi vefur snýr fyrst og fremst að því að veita upplýsingar til bænda og þeirra sem áhuga hafa á starfsemi framleiðendasamvinnufélagsins Auðhumlu. Það er von mín að vefur þessi verði til að bæta upplýsingaflæði okkar til framleiðenda. Við hönnun vefsins var lögð mikil áhersla á að hann væri léttur í keyrslu vegna þeirra félagsmanna sem hafa ekki háhraðatengingar.

Vefstefna Auðhumlu og dótturfélaga er þannig að audhumla.is er upplýsingavefur fyrir bændur og aðra þá sem hafa áhuga á að kynna sér rekstur þess félags. Vefirnir ms.is og ostur.is eru fyrst og fremst neytendavefir sem hafa það hlutverk að miðla upplýsingum til neytenda um okkar ágætu afurðir. Til viðbótar rekum við nokkra sérvefi á borð við skyr.is, kokomjolk.is, jolamjolk.is sem eru þá stuðningsvefir vegna markaðsverkefna og útlutnings.

Ég hvet félagsmenn til að senda okkur ábendingur um það sem betur mætti fara á heimasíðunni á netfangið audhumla@audhumla.is. Ritstjóri auðhumluvefsins er Sigrún Halldórsdóttir.

Auðhumla – stefnumótun

Þann 23. nóvember næstkomandi verður haldinn haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu. Fundarstaðurinn er á Hótel Loftleiðum og hefst fundurinn kl. 10:30. Að þessu sinni verður fundurinn helgaður stefnumótun og mun fulltrúum verða skipt upp í nokkra vinnuhópa til að ræða þau málafni er varða stefnumótun félagsins.

Á undanförunum tveimur árum hafa orðið miklar breytingar á skipulagi mjólkuriðnaðarins. Tilkoma Mjólkursamsölnunnar sem er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins hefur orðið til þess að einfalda alla umgjörð iðnaðarins og gera okkur kleift að ráðast í umfangsmikil umbótaverkefni. Þá er rekstrarumhverfi mjólkuriðnaðarins í hraðri þróun. Kröfur framleiðenda, neytenda og opinberra aðila taka sífelltum breytingum og má gera ráð fyrir að í framtíðinni minnki sú vernd sem íslensk mjólkurframleiðsla hefur notið hingað til. Framtíð Auðhumlu og félagsmanna þess byggir á því að skýrar kröfur séu gerðar í starfsemi félagsins um hagkvæmni og markvissan rekstur samhliða því að við rekum áfram öflugt markaðs- og þróunarstarf sem einkennt hefur mjólkuriðnaðurinn á undanförunum árum.

Frá því í vor hefur stjórn Auðhumlu rætt framtíðarsýn félagsins út frá þeim breytingum sem orðið hafa og þeim meginstraumum sem eru í rekstrarumhverfi félagsins. Athyglin hefur ekki síst beinst að starfsemi og hlutverkaskiptingu milli Auðhumlu, Mjólkursamsölnunnar og einstakra eininga innan samstæðunnar.

Mikilvægt er að Auðhumla gegni hlutverki sínu sem samnefari og bakhjarl mjólkurframleiðenda á starfssvæði félagsins. Jafnframt er mikilvægt að skilgreina með afgerandi hætti markmið og ábyrgð í rekstri samstæðunnar, þannig að félagið verði á hverjum tíma í stakk búið til þess að taka þeim áskorunum sem við blasa og tryggja framleiðendum bestu mögulegu kjör.

Við þetta bætist að Auðhumla hefur í vörslu sinni verulega fjármuni sem eru sameiginlegir sjóðir og eignir félagsmanna. Mikilvægt er að ávaxta fjármunina með ábyrgum en jafnframt arðbærum hætti.

Hlutverk fulltrúaráðsfundarins er að fara yfir þá umræðupunkta sem stjórn félagsins leggur fram og er vonast til þess að í lok fundar liggi fyrir breið samstaða um skilgreiningu á hlutverki Auðhumlu, hlutverkaskiptan milli Auðhumlu og dótturfélaganna og hvaða leiðir félagið ætlar að stefna á til framtíðar til að tryggja sem best hagsmuni félagsmanna Auðhumlu.

Fundargögn vegna fulltrúaráðsfundarins verða send í vikunni á undan fundinum.

Með bestu kveðju



Egill Sigurðsson stjórnarformaður Auðhumlu opnaði vefinn.

Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu – föstudaginn 23. nóvember 2007

Haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu verður haldinn föstudaginn 23. nóvember næstkomandi að Hótel Loftleiðum og hefst hann kl. 10:30. Fulltrúar munið að taka daginn frá.

Auðhumla.is Ert þú tengd/ur?

Fáðu aðgang!
skraning@audhumla.is

Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:
Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.



Hækkun á lágmarksverði mjólkur frá 1. nóvember 2007

Efnainnihald viðmiðunarmjólkur breyttist 1. september 2007.

Hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði er reiknað út efnainnihald viðmiðunarmjólkur (grundvallarmjólkur) fyrir verðlagsárið 2007/2008.

Skv. útreikningunum er samsetning viðmiðunarmjólkur eftirfarandi:

Fita 4,00% (var 3,99%),
Prótein 3,35% (var 3,33%)

Vægi efnabátta í grundvallarverði mjólkur verður óbreytt hlutfall af afurðastöðvaverði:
Fita 25% og prótein 75%

Lágmarksverð frá 1. nóvember er 49,26 kr/ltr, verð á hverja fitu- og próteineiningu er því eftirfarandi:

Fita 3,0788 kr/ein eða 12,3150 kr/ltr
Prótein 11,0284 kr/ein eða 36,9450 kr/ltr

Fari meðalefnainnihald hvers innleggjanda yfir ofangreint meðaltal, hækkar verðið pr/ltr en ef það fer undir lækkar verðið.

Breytt fyrirkomulag á sýnatöku til rannsókna á hrámjólk vegna aðskotaefna



Fram kom í síðasta blaði að sýnafjöldi sem yrði tekinn af starfsmönnum Landbúnaðarstofnunar væri að lágmarki 300 sýni. Hér er átt við fjölda sýna á landsvísi.

Auðhumla – Nýr vefur mjólkurframleiðenda

Samvinnufélagið Auðhumla opnaði nýja upplýsingaveitu á vefnum um allt er varðar mjólkurframleiðslu og vinnslu mjólkurafurða.

Á vefnum, sem hefur slóðina www.audhumla.is, má finna á einum stað allar helstu upplýsingar um mjólkurframleiðslu s.s. gæða- og verðlagsmál, þjónustu við framleiðendur, margvíslegar leiðbeiningar og fleira. Á vefnum birtast einnig fréttir um hvaðeina sem varðar framleiðslu mjólkur, greinar sem tengjast mjólkurframleiðslu á einn eða annan hátt og margháttað tölfræði sem tengist greininni.

Upplýsingarnar á vefnum eru aðgengilegar öllum sem hafa áhuga á mjólkurframleiðslu hér á landi og þær ættu einnig að nýtast vel fjölmíðlafólki og öðrum sem fjalla um landbúnaðarmál.

Til þessa hafa mjólkurbændur haft aðgang að innri vefum afurðastöðvanna. Nú er búið að sameina þá vefi í einn, Bændavefinn og er innangengt á hann af vef Auðhumlu. Þar geta framleiðendur mjólkur skoðað

allar upplýsingar vegna innlagðrar mjólkur, s.s. gæðaniðurstöður, flokkun mjólkur og greiðslur. Þar er m.a. hægt að sjá þróun einstakra gæðabátta yfir lengra tímabil bæði í töflum og línuritum. Þar má einnig prenta út kýrsýnasþjöld RM, innleggssmiða og uppgjörsmiða Auðhumlu, svo eitthvað sé nefnt.

Þau aðgangsorð sem framleiðendur hafa haft að eldri bændavefum gilda áfram. Jafnframt er rétt að geta þess að eldri vefir verða virkir fram til áramóta.

Framleiðendur sem ekki hafa nú þegar aðgang að vefnum eru hvattir til þess að hafa samband við Garðar Eiríksson gardare@ms.is eða Ólaf Steinason ost@ms.is og fá aðgangsorði úthlutað. Einnig er hægt að senda umsókn á skraning@audhumla.is eða hringja í síma 569-2200 og hafa samband við þá.

Auglýsingastofan Hvíta húsið sá um hönnun og uppsetningu á vefnum sem Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu, opnaði formlega í húsakynnum Mjólkursamsölunnar, föstudaginn 26. október s.l.



Aðalheiður Ásmundsdóttir vefstjóri, aðstoðar Egil við opnun Auðhumlu-vefsins.

Yfirlit mælinga hjá MS í október 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Frumut.	MFM	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	Frumut.	MFM		
1/10/07-4/10/07	4,09	3,45	2,70	0,70	7,00	-0.543	18	270	248		2.824

Líftala í þúsundum hjá MS í október 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
86,54	95,47	99,50	0,15	0,28	0,07

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
39	2.175.672	2.103.259	72.413	3,44%
40	2.182.150	2.090.666	91.484	4,38%
41	2.164.013	2.067.542	96.471	4,67%
42	2.149.060	2.059.959	89.101	4,33%
43	2.145.071	2.055.371	89.700	4,36%
Samtals:	10.815.966	10.376.797	439.169	4,23%